



norden

Norrænn áttaviti

Formennskuáætlun Íslendinga
í Norrænu ráðherranefndinni 2009



Norrænn áttaviti

Formennskuáætlun Íslands í Norrænu
ráðherranefndinni 2009

ANP 2008:747

© Nordisk Ministerråd, København 2008

ISBN 978-92-893-1764-1

Umbrot og hönnun Ágústa Ragnarsdóttir.

Prentun Guðjón Ó ehf.

Ljósmyndir Nordic Photos, Myndasafn Mbl.,
Ragnar Th. Sigurðsson, Eyþór Árnason.

Upplag 1000

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar
umhverfiskröfur og má merkja með
Svaninum, norræna umhverfismerkinu.

Nánari upplýsingar um
formennskuáætlunina eru á
www.norden2009.is.

Ritstjórn

Norðurlandaskrifstofa

Forsætisráðuneyti

Hverfisgata 6

150 Reykjavík

Ísland

Sími +354 545 8460

netfang: nordurlandaskrifstofa@for.stjr.is



Efnisyfirlit

Formáli.....	5
Norrænn áttaviti	6
Norrænn aflvaki.....	11
Styrkur Norðurlanda.....	14
Svar Norðurlanda við loftslagsvanda	18
Hnattvædd Norðurlönd	21





Formáli

Engin þjóð getur nú á tímum skilgreint sig eða sett sér markmið án tillits til umheimsins. Norðurlandabúar njóta bestu lífskjara sem þekkjast og standa vel að vígi í alþjóðlegum samanburði. Engu að síður er sífelldrar sjálfsskoðunar þörf því umheimurinn og hið alþjóðlega samkeppnisumhverfi er stöðugum breytingum undirorpið.

Ekki verður tekist á við mörg þeirra verkefna sem Norðurlandabjóðirnar standa frammi fyrir nema í alþjóðlegu samstarfi. Með það að leiðarljósi tóku forsætisráðherrar Norðurlanda þá mikilvægu ákvörðun á árinu 2007 að setja fram ný markmið í norrænu samstarfi þar sem aðgerðir til að mæta hnattvæðingunni væru þungamiðjan. Meginverkefnið er að styrkja samkeppnishæfni Norðurlanda og leggja lóð á vogarskálarnar til að ná samstöðu á alþjóðavettvangi um aðgerðir til að takast á við loftslagsvandann og aðra umhverfisvá sem steðjar að heimsbyggingdinni. Þau markmið fara reyndar á ýmsan hátt saman við það brautryðjendastarf sem unnið er á Norðurlöndum í umhverfis- og orkumálum. Það nýtist öllum jarðarbúum og að þeirri nýsköpun ber að hlúa.

Frá því ákveðið var að bregðast við hnattvæðingunni hefur norrænu samstarfi markvisst verið beint inn á nýjar brautir. Svíar unnu að því á formennskutíma sínum 2008 undir yfirskriftinni *Samtakamáttur – samkeppnishæfni, loftslagsmál, sköpunargáfa og samhæfing*. Starfinu er þó langt í frá lokið og eitt af meginverkefnum Íslendinga á formennskutímanum verður að halda því áfram.


Brýnt er að hrinda í framkvæmd norrænu áætluninni *Frá Norðurlöndum til umheimsins* sem fjallar um nýsköpun og öndvegisrannsóknir í umhverfis-, orku- og loftslagsmálum. Rík áhersla er lögð á að samvinna nýsköpun og rannsóknir sem snúa að umhverfisvernd og vistvænni orkuframleiðslu og stuðla um leið að útflutningi á norrænni hátækni. Afar mikilvægt er að atvinnulífið sjái sér hag í að taka þátt í því starfi.

Norðurlandabjóðir eru í fararbroddi á sviði heilbrigðis- og velferðarmála. Hins vegar aukast útgjöld stöðugt vegna velferðarþjónustu, m.a. vegna þess að læknavísindunum fleygir fram og Norðurlandabúar ná stöðugt hærrí aldri. Full ástæða er til að skoða í sameiningu þau nýju verkefni sem við stöndum frammi fyrir í velferðarsamfélaginu og læra af reynslu hver annarra. Því ber að hrinda úr vör norrænni áætlun um öndvegisrannsóknir og nýsköpun á þessu sviði.

Vorið 2008 boðaði forsætisráðherra Svía til fyrsta norræna hnattvæðingarþingsins í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina undir yfirskriftinni *Samkeppnishæf Norðurlönd í hnattvæddum heimi*. Í lok febrúar 2009 verður boðað til nýs hnattvæðingarþings á Íslandi. Þar verður sjónum beint að orku-, loftslags- og umhverfismálum og norræn nýsköpun á því sviði höfð í fyrirrúmi.

Norrænu ríkin vinna náið saman að undirbúningi loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember 2009. Heimsbyggingdín á mikið undir því að þar náist samningar. Norðurlönd leggja metnað sinn í að svo verði.

Það er mikið lán í hnattvæddum heimi að eiga gamalgróid ríkjasmstarf sem byggir á sameiginlegri sögu, menningu og grundvallargildum um hvað sé gott, rétt og æskilegt. Um þau gildi þurfum við sífellt að standa vörð.



Geir H. Haarde

Norrænn áttaviti

Með yfirlýsingu forsætisráðherranna í Punkaharju sumarið 2007 var sleginn nýr tónn í norrænu samstarfi. Þar var kynnt framtíðarsýn um viðbrögð Norðurlanda við örri hnattvæðingu. Á skömmum tíma hefur tekist að beina samstarfskerfinu að því að gera Norðurlönd færari um að nýta sér tækifæri hnattvæðingarinnar og takast á við þau margþættu verkefni sem fylgja því að búa í heimi þar sem mörkin milli þjóða og ríkja verða æ óljósari. Hugmyndin um heimsþorpið er fyrir löngu orðin að veruleika. Fólki, vörur og fjármagn streymir yfir landamæri og milli heimsálfa sem aftur ýtir undir viðskipti og margvísleg samskipti á sviði menntunar og menningar. Samkeppnis-umhverfið er gerbreytt.

Aflvaki og styrkur Norðurlanda

Íslendingar munu leggja kapp á að framfylgja stefnumörkun forsætisráðherranna, svo og þeim verkefnum sem Finnar og Svíar hafa hrint úr vör síðastliðin tvö ár til að framfylgja hnattvæðingarferlinu. Umfangsmesta verkefnið er samstarf um öndvegisrannsóknir, einkum í orku-, loftslags- og umhverfismálum. Þrjár norrænar rannsóknastofnanir gegna þar lykilhlutverki, Norræna rannsóknaráðið, Norræna nýsköpunarmiðstöðin og Norrænar orkurannsóknir. Íslendingar leggja allt kapp á að efla samstarf þessara stofnana, enda mun það ráða úrslitum um hversu vel tekst til. Næsta skref er að hrinda úr vör áætlun um öndvegisrannsóknir og nýsköpun í heilbrigðis- og velferðarmálum.

Íslendingar telja brýnt að efla samstarf um menntun, rannsóknir og nýsköpun í því skyni að styrkja samkeppnisstöðu og tryggja Norðurlandabúum sem best lífskjör. Endurskoðun á stefnumiðum í samstarfi um rannsóknir og nýsköpun miðar að því að gera Norðurlönd að kraftmiklu, skapandi og leiðandi svæði sem laðar að mannauð og fjármagn.

Mikilvægt er að háskólar á Norðurlöndum stórefli samstarf til að styrkja háskólastigið í heild sinni og búa enn frekar í haginn fyrir vísindasamfélagið. Breiða þarf út þekkingu á gildi nýsköpunar og treysta samstarf stofnana sem styrkja nýsköpun, svo og tengsl þeirra við atvinnulífið. Þá er brýnt að háskólar fái aukin áhrif á nýsköpun í atvinnulífi, þ.m.t. atvinnuuppbyggingu í dreifðum byggðum.

Samþætting jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum er sem fyrr forgangsmál. Eigi Norðurlönd að halda forskoti sínu í alþjóðlegri samkeppni þarf að auka fjölbreytni á vinnumarkaði. Því er mikilvægt að nýta sem best þann auð sem felst í menntun og reynslu kvenna jafnt sem karla.

Norðurlönd stefna að því að verða eitt atvinnu- og markaðssvæði. Til að svo megi verða þarf að afnema stjórnsýsluhindranir og koma í veg fyrir að nýjar verði til. Því er mikilvægt að styðja vel við vettvang um afnám stjórnsýsluhindrana sem hóf störf á formennskuári Svía 2008.

Einn þáttur í því að styrkja samkeppnishæfni Norðurlanda er að gera þau sýnilegri, ekki síst í þeim heimshlutum þar sem hagvöxtur er mestur um þessar mundir. Íslendingar telja bæði eðlilegt og mikilvægt að norrænu ríkin hafi með sér samstarf á sviði nýsköpunar í Asíu þegar hagsmunir fara saman. Jafnframt er æskilegt að nýta tækifærið á heimssýningunni í Sjanghæ 2010 til að kynna Norðurlönd sem eitt markaðssvæði. Gera þarf sérþekkingu norrænu ríkjanna í orku- og umhverfistækni góð skil, svo og sérstöðu þeirra í hönnun, listum og skapandi atvinnugreinum.







Svar Norðurlanda við loftslagsvanda

Meðal brýnustu viðfangsefna sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir er að finna vistvænar orkulausnir. Þar hafa Norðurlandþjóðir margt fram að færa. Á fáum áratugum hafa þær skipað sér í fremstu röð, hver á sínu sviði, í framleiðslu og notkun á endurnýjanlegri orku. Mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut og miðla sérþekkingu á þessu sviði til annarra þjóða. Jafnframt þarf að skjóta fleiri stoðum undir norrænan raforkumarkað.

Á formennskuári Íslendinga verður lögð áhersla á að þróa nýja orkutækni sem stuðlar að sjálfbærri orkunýtingu og minni losun gróðurhúsalofttegunda. Leitað verður leiða til að draga úr losun koltvísýrings frá samgöngutækjum.

Mikilvægasti alþjóðlegi viðburðurinn á formennskuári Íslendinga er 15. aðildarríkja-fundur loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna sem haldinn verður í Kaupmannahöfn í desember 2009. Á norrænum vettvangi er unnið að því að helstu samningsmarkmið náist. Norðurlönd munu á fundinum standa fyrir kynningu á nýjum orkulausnum og tækninýjungum sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Ný áætlun um sjálfbæra þróun fyrir Norðurlönd tekur gildi í ársbyrjun 2009. Markmið hennar ná til allra samstarfssviða Norrænu ráðherranefndarinnar og eiga að vera rauði þráðurinn í öllu þeirra starfi. Áætlunin er einnig framlag Norðurlanda til alþjóðlegs starfs um sjálfbæra þróun.

Umhverfis-, loftslags- og orkumál verða í forgangi í samstarfi ráðherranefndarinnar við grannsvæðin og fjölþjóðlegar stofnanir.

Hnattvædd Norðurlönd

Samfara hlýnun andrúmsloftsins munu nýjar siglingaleiðir opnast og eftirspurn aukast eftir auðlindum á norðurslóð. Í því felast bæði ógnir og tækifæri. Mikilvægt er að Norðurlönd séu á varðbergi svo bægjja megi frá umhverfisvá sem steðjar að viðkvæmum hafsvæðum. Íslendingar leggja til að hafist verði handa við að vinna vákort fyrir Norður-Atlantshafið.

Íslendingar vilja styrkja samstarf ráðherranefndarinnar við Norðurskautsráðið. Mikilvægt er að styðja norðlæg samfélög og frumbyggja í því að varðveita menningararfleifð sína.

Íslendingar leggja áherslu á samstarf við grannsvæði og ríki í vestri, sérstaklega um málefni norðuslóða og rannsóknir í loftslagsmálum. Þá vilja Íslendingar að kannaðir verði möguleikar á samstarfi við hagsmunaaðila í austurfylkjum Kanada um nýsköpun og rannsóknir, sérstaklega á áhrifum loftslagsbreytinga á lífríki hafsins.

Íslendingar setja í forgang að þróa samstarf við granna við Eystrasalt, ekki síst í ljósi Eystrasaltsstefnu Evrópusambandsins. Sérstaklega verður horft til þess að hrinda í framkvæmd áætlunum um samstarf við Eistland, Lettland og Litháen og við Norðvestur-Rússland sem taka gildi á árinu 2009. Íslendingar ætla jafnframt á formennskutímanum að halda áfram stuðningi við lýðræðisuppyggingu í Hvítarússlandi.

Meira um formennskuáætlun Íslendinga á www.norden2009.is



Norrænn aflvaki

Ný þekking, nýsköpun, aðlögunarhæfni og frumkvæði styrkja samkeppnisstöðu Norðurlanda. Á formennskuári verður því lögð áhersla á þverfaglegt samstarf stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja til að stuðla að rannsóknum, nýsköpun og útrás atvinnulífs. Lykilatriði er að nýta til fulls þá sérþekkingu sem Norræna rannsóknarráðið, Norrænar orkurannsóknir, Norræna nýsköpunarmiðstöðin og Norræna stofnunin um rannsóknir og þróun í byggðamálum búa yfir. Með fjölbættu samstarfi fyrirtækja og stofnana verður leitast við að efla þekkingarmiðlun og nýsköpun á öllum sviðum. Forgangsverkefni er að gera Norðurlönd að framúrskarandi, aðlaðandi og samtengdu svæði til rannsókna og frumkvöðlastarfs.

Í menntamálum verður tekið mið af sameiginlegum markmiðum um viðbrögð við hnattvæðingu. Efnt verður til þverfaglegs samstarfs sem miðar að því að efla skapandi hugsun, nýbreytni og frumkvöðlamenningu á öllum stigum skólakerfisins. Áfram verður unnið að framgangi verkefnis um norrænar meistaragráður og að því að markaðssetja Norðurlönd sem eitt háskólasvæði. Þá verður leitast við að efla símenntun sem lið í hnattvæðingarferlinu.

Listmenntun, menning og skapandi atvinnugreinar gegna æ mikilvægara hlutverki í hagkerfinu. Norðurlönd geta með því að styrkja skapandi iðnað nýtt sköpunarkraftinn til að ná forystu í menningartengdum atvinnugreinum. Menntakerfin þurfa jafnframt að taka mið af fjölgun nýbúa, greiða fyrir aðlögun þeirra og nýta þá auðlind sem felst í fjölmenningslegu samfélagi.

Einn af grunnþáttum í stefnumótun á vettvangi norræns samstarfs er að Norðurlönd verði sameiginlegt atvinnu- og markaðssvæði. Íslendingar munu leggja áherslu á að opna norrænan markað enn frekar, t.d. fyrir lyf og heilbrigðisþjónustu.

Ný samstarfsáætlun í byggðamálum tekur gildi 2009 og nær hún til ársins 2012. Íslendingar munu leggja allt kapp á að þegar verði farið að vinna eftir henni, ekki síst á sviði rannsókna og nýsköpunar.

VERK AÐ VINNA

- Samstarfi um öndvegisrannsóknir verður hleypt af stokkunum á árinu 2009. Það mun beinast að sérhæfðum verkefnum á sviði orku-, umhverfis- og loftslagsmála og byggja á sömu grunnhugsun um tengsl rannsókna og nýsköpunar og Norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðið (NORIA).
- Hafinn verður undirbúningur að öndvegisrannsóknum í heilbrigðis- og velferðarmálum.
- Unnið verður að því að efla tengsl milli Norræna rannsóknarráðsins, Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar og Norrænna orkurannsókna og samskipti þeirra við nýsköpunarstofnanir í löndunum.



- Farið verður ofan í saumana á norrænni hvítbók um nýsköpun m.t.t. nýrra markmiða til að styrkja nýsköpunarhæfni í atvinnulífi í ljósi hnattvæðingar og loftslagsbreytinga. Niðurstöður verða kynntar á ráðstefnu.
- Átak verður gert til að kynna Norðurlönd sem öflugt alþjóðlegt háskólasvæði og ýtt undir samstarf háskóla og háskólastofnana.
- Unnið verður að gagnkvæmri viðurkenningu á háskólagráðum og gæðaeftirliti með norrænum háskólum. Haldin verður ráðstefna um gæði í háskólastarfi.
- Sjónum verður beint að hlutverki listmennta á öllum skólastigum og samspili þeirra við fræðasvið á háskólastigi. Á ráðstefnu verður rætt með hvaða hætti listaháskólar geta ýtt undir skapandi hugsun, nýsköpun og frumkvæði á öllum sviðum þjóðlífsins.
- Haldið verður málþing um menntun og aðlögun nýbúa.
- Haldið verður málþing um nýsköpun og framfarir á grundvelli rannsókna í heilbrigðis-kerfinu.
- Unnið verður að því að opna norrænan lyfjamarkað til að efla samkeppni. Kannað verður hvort svigrúm sé fyrir þátttöku fleiri ríkja í tilraunaverkefni Íslendinga og Svía um gagnkvæm markaðsleyfi fyrir lyf. Íslendingar leggja jafnframt áherslu á að opna markað fyrir heilbrigðisþjónustu. Greint verður hvaða hindranir eru á því og settar fram tillögur til að ryðja þeim úr vegi.
- Fylgt verður eftir rannsókn Norrænu stofnunarinnar um rannsóknir og þróun í byggðamálum sem staðfestir gagnsemi þess að hafa háskóla þar sem byggja á upp byggðakjarna. Niðurstöður verða kynntar á ráðstefnu.
- Leitað verður leiða til að styðja frumkvöðlastarf í dreifbýli og fámennum byggðalögum. Kannað verður sérstaklega hvernig styðja má við nýsköpunarstarf kvenna.
- Efnt verður til málþings um samstarf og stöðlun á þjónustu er tengist orku, samgöngum og öryggi.
- Hafinn verður undirbúningur að sameiginlegri kynningu Norðurlanda á heimssýningunni í Sjanghæ 2010. Norðurlandapjóðir standa framarlega á sviði umhverfis- og orkutækni svo og í hönnun og listum. Því er eðlilegt að verkefni sem hleypt verður af stokkunum taki mið af því.



Styrkur Norðurlanda

Styrkur Norðurlanda felst í sameiginlegu gildismati, lýðræði, jafnrétti og samábyrgð á velferð og heilsu. Einnig byggist hann á almennum skilningi á því að menntun og vísindi séu grundvöllur framfara, svo og skapandi framtak einstaklinga, fyrirtækja og samfélags-hópa.

Sköpunargleðin er einn helsti styrkur norrænna þjóða. Lýðræðinu er styrkur í því að sem flestir eigi kost á að taka þátt í listsköpun og njóta menningar. Á formennskuári verður leitast við að nýta sköpunarkraft og hæfni til nýsköpunar sem stökkpall fyrir sameiginlega útrás Norðurlanda. Hleypt verður af stökkunum þverfaglegum verkefnum sem tengja saman menningarstarf, vísindi og frumkvöðlastarf. Einnig verður haft samstarf um þátttöku Norðurlanda í *Evrópuári fyrir nýbreytni og sköpun 2009*.

Hnattvæðingin hefur leitt til tilflutnings á vinnuafli sem m.a. hefur stuðlað að löngu hagvaxtarskeiði á Norðurlöndum. Engu að síður geta félagsleg undirboð verið fylgifiskur hnattvæðingar, svo og meira vinnuálag og krafa um aukinn sveigjanleika vinnandi fólks. Markmiðið er að vinna gegn atvinnuleysi, hvort heldur er á afmörkuðum svæðum eða í einstökum starfsgreinum.

Í velferðar- og heilbrigðismálum verður haldið áfram með kjarnaverkefnið *Nýsköpun í norrænni velferðarþjónustu*. Mikilvægt er að skoða hvernig þróa má norræna velferðarlíkanið þannig að það styrki samkeppnishæfni. Samstarf um viðbrögð við hnattvæðingu byggir á þremur þáttum: 1) Breytingum á búsetu og samsetningu þjóða svo og aðgerðum til að fyrirbyggja að jafnarhópar verði til í samfélaginu 2) Gæðastýringu í félags og heilbrigðisþjónustu 3) Samstarfi við grannsvæðin, þar með talið um aðgerðir gegn mansali. Sérstök áhersla verður lögð á stefnumótun í húsnæðismálum og samþættingu velferðar- og skipulagsmála svo koma megi í veg fyrir misskiptingu. Einnig verða í brennidepli aðgerðir til að auka atvinnuþátttöku og kannaðar verða leiðir til að auka vægi einstaklingsmiðaðrar og notendastýrðrar velferðarþjónustu. Þá verður leitast við að efla rannsóknir og þekkingarsköpun í velferðar- og heilbrigðisþjónustu.

Aðgerðir Norðurlanda til að stuðla að jafnrétti með foreldra- og fæðingarorlofi hafa vakið verðskuldaða athygli. Á formennskuári verður gerð rannsókn á árangri þessara aðgerða svo og á því hvers vegna svo hægt gangi að auka hlut kvenna í stjórnámálum og stjórnnum fyrirtækja. Þá verður lögð áhersla á að efla samstarf í jafnréttismálum á Vestur-Norðurlöndum og eins skoðað hvaða áhrif loftslagsbreytingar geta haft á stöðu kynja og aðkomu að stefnumótun í loftslagsmálum.

Íslendingar leggja áherslu á að koma í veg fyrir að ósamræmi í löggjöf landanna valdi fyrirtækjum og borgurum erfiðleikum og ætla áfram að vinna að samræmi í réttarvörslukerfinu. Tryggja verður að ekki verði til nýjar landamærahindranir við innleiðingu ESB-tilskipana í löndunum.



VERK AÐ VINNA

- Íslenska lista- og menningarhátíðin *List án landamæra* verður þróuð frekar og kynnt á norrænum vettvangi. Markmiðið er að greiða fyrir aðgangi fatlaðra að listum og menningarstarfi og gera listsköpun þeirra sýnilegri. Á hátíðinni 2009 verða norrænir viðburðir í brennidepli.
- Ljósmyndasýningin *Undrabörn* verður sett upp í öðrum norrænum ríkjum og efnt verður til kvikmyndahátíðar og málþings um tungumál minnihlutahópa, m.a. táknmál.
- Þverfaglegum lista- og menningarverkefnum verður ýtt úr vör í þeim tilgangi að hvetja fólk til að lifa heilsusamlegra lífi.
- Íslendingar ætla að hafa forystu um að víkingaminjar verði tilnefndar á heimsminjaskrá UNESCO.
- Samstarf verður haft um samanburðarkannanir á viðhorfum norrænna ungmenna, eftir aldri og kyni, til íþróttar-, félags- og tómstundastarfa, menntunar og væntinga til framtíðar.
- Gefið verður út fræðsluefni á helstu tungumálum innflytjenda um réttindi og skyldur á norrænum vinnumarkaði og um vinnuvernd.
- Unnið verður að því að samræma norræna löggjöf um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Liður í því er að bera saman vinnuverndarlöggjöf í löndunum. Skýrsla verður gefin út með niðurstöðum.
- Unnið verður að því að samræma tilkynningar og úrvinnslu gagna um vinnuslys á Norðurlöndum þannig að mikilvægar tölfraediupplýsingar nýtist sem best í vinnuverndarstarfi.
- Haldin verður ráðstefna um atvinnutengda endurhæfingu sem leið til að fjölga fólki á vinnumarkaði.
- Stofnaður verður þverfaglegur vinnuhópur með það að markmiði að efla samstarf velferðar- og vinnumálastofnana á Norðurlöndum.
- Íslendingar vilja setja á laggir fjóra þverfaglega vinnuhópa á vegum ráðherranefnda um atvinnu-, félags- og heilbrigðismál. Einn fær það verkefni að bera saman þátt húsnaðismála í norrænu velferðarkerfi, annar mun safna upplýsingum um einstaklingsmiðaða og notendastýrða velferðarþjónustu, sá þriðji skoðar áhrif atvinnuþátttöku eldra fólks á heilsu og lífsgæði og þeim fjórða verður falið að kanna hvernig hugmyndafræði um valdeflingu getur nýst geðfötludum.
- Lýðheilsustofnanir landanna verða hvattar til að hafa samstarf um aðgerðir til að draga úr tóbaksreykingum.
- Rannsókn verður gerð á því hvernig skógar og skógrækt geta bætt lýðheilsu.
- Haldið verður málþing um leiðir til að stemma stigu við offitu.
- Niðurstöður samanburðarrannsóknar á þátttöku kynja í stjórnmálum og stjórnnum fyrirtækja verða kynntar á ráðstefnu.

- Hrint verður úr vör rannsókn á fyrirkomulagi foreldra- og fæðingarorlofs á Norðurlöndum. Niðurstöður verða gefnar út í bók og kynntar á ráðstefnu.
- Efnt verður til ráðstefnu þar sem kynntar verða aðferðir og árangur af jafnréttisfræðslu í norrænum leik- og grunnskólum.
- Haldin verður ráðstefna um reynslu af jafnréttislöggjöf á Vestur-Norðurlöndum. Einnig verður efnt til vestnorræns samstarfs um jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum.
- Haldið verður málþing um ábyrgð á efni sem birt er á netinu og leiðir til að stemma stigu við nettengdri glæpastarfsemi.





Svar Norðurlanda við loftslagsvanda

Viðbrögð Norðurlanda við loftslagsbreytingum snúast annars vegar um að fyrirbyggja og draga úr umfangi þeirra og hins vegar að því að aðlagast þeim sem best í atvinnulífi og við nýtingu auðlinda.

Á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í árslok 2009 á að leggja lokahönd á samning um aðgerðir vegna loftslagsbreytinga sem snerta hag allra jarðarbúa. Norrænu ríkin eru sammála um að andrúmsloftið megi ekki hlýna um meira en 2°C miðað við hitastig á jörðinni við upphaf iðnbyltingar. Til að ná því markmiði þarf samstillt átak iðnríkja og þróunarríkja.

Íslendingar og aðrar Norðurlandþjóðir leggja ríka áherslu á að árangur náist í Kaupmannahöfn og að unnið verði að því í norrænu samstarfi að greiða fyrir samningum. Semja þarf um sameiginlega framtíðarsýn og mælanlegar aðgerðir til að draga úr losun. Finna þarf heildarlausnir við fjármögnun og tækniyfifærslu og setja reglur um bindingu og losun kolefnis vegna breyttrar landnotkunar og skógræktar. Íslendingar hafa þegar lagt fram tillögu um að endurheimt votlendis verði valkostur og leggja jafnframt áherslu á að græða upp land sem leið til að binda kolefni.

Norrænu ríkin eru hvert á sínu sviði í fremstu röð í notkun vistvænna orkugjafa. Tryggja verður að sérþekking þeirra á því sviði nýtist sem víðast í veröldinni. Til að ná því markmiði munu Norðurlönd taka virkan þátt í evrópsku og alþjóðlegu orkusamstarfi og hleypa af stökkunum verkefnum sem taka mið af því að þróa nýja orkutækni. Áhersla verður lögð á vistvæna orkunotkun í samgöngutækjum, sérstaklega í skipum.

Þverfagleg úrlausnarefni sem tengjast stefnumótun alþjóðasamfélagsins í loftslagsmálum munu vega þungt í norrænu fjármálasamstarfi, t.d. aðgerðir í skattamálum sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.



VERK AÐ VINNA

- Starf vinnuhóps um orkunotkun á strjálbýlum svæðum á Vestur-Norðurlöndum verður eftt og m.a. horft til orkugjafa í fiskiskipum og samgöngutækjum. Einnig verður leitað eftir samstarfi við strjálbýl strandsvæði við Norðvestur-Atlantshaf.
- Á formennskuári verður unnið að nýrri fjögurra ára framkvæmdaáætlun í orkumálum.
- Hugbúnaður til að reikna út verð á orkugjöfum og hversu miklu eldsneyti ýmsar tegundir bifreiða eyða verður þýddur og gerður aðgengilegur á netinu. Markmiðið er að efla vitund neytenda um orkunotkun og útblástur gróðurhúsalofttegunda.
- Haldin verður ráðstefna um sjálfbærar orkulausnir fyrir bifreiðar og skip.
- Vinnuhópi á vegum ráðherranefndar um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt verður falið að gera úttekt á áhrifum og afleiðingum loftslagsbreytinga á frumframleiðslugreinar.
- Hrint verður úr vör verkefni til að kortleggja hvaða áhrif breytingar á loftslagi munu hafa á atvinnulíf og mótun atvinnustefnu á Norðurlöndum. Verkefnið verður kynnt á ráðstefnu.
- Framlag Norðurlanda til að fræða almenning um sjálfbæra þróun, aðlögun að loftslagsbreytingum og aðgerðir í loftslagsmálum verður kynnt á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn 2009.
- Haldinn verður norrænn viðburður um jafnrétti og loftslagsbreytingar samhliða fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York í mars 2009. Í kjölfarið verður gerð skýrsla og hún kynnt á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn 2009.
- Verkefnum um landnýtingu og kolefnisbindingu verður ýtt úr vör og unnið verður að því að framfylgja markmiðum *Selfoss-yfirlýsingarinnar um sjálfbæra skógrækt*.
- Efnt verður til samstarfs um endurheimt skemmdra vistkerfa.
- Fulltrúum æskufólks á Norðurlöndum verður boðið í náms- og kynnisferð um Vatnajökulsþjóðgarð, stærsta þjóðgarð Evrópu, í því skyni að kynna þeim hugmyndafræði náttúruverndar og hvernig samtvinna má vernd og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.
- Gerð verður úttekt á því hvernig nýta má líftækni í jarðrækt, búfjárrækt, fiskeldi og skógrækt.
- Á grundvelli *Selfoss-yfirlýsingarinnar um sjálfbæra skógrækt* verður áhersla lögð á trjákyrnætur til að stuðla að aðlögun að loftslagsbreytingum.
- Skipulögð verður kynning á norrænum erfðaaauðlindum hjá fastanefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
- Unnið verður að því að þróa einfalt umhverfisstjórnunarkerfi sem hentar litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Einnig verður kannað hvernig votta má slík kerfi.
- Norræna umhverfismerkið *Svanurinn* verður eftt. Farið verður yfir tillögur sem fram komu við endurskoðun á merkinu á árinu 2008 og safnað dæmum um góðan árangur af markaðssetningu þess.



Hnattvædd Norðurlönd

Norrænt samstarf tekur mið af alþjóðasamfélaginu og þeim tækifærum sem felast í hnattvæddum heimi. Norðurlönd standa sterkari saman í samstarfi við önnur ríki og á vettvangi alþjóðastofnana þar sem unnið er að sameiginlegum hagsmunamálum.

Samstarfið við Eystrasalt er sem fyrr mikilvægur þáttur í starfsemi ráðherranefndarinnar. Á formennskutímanum verður hrint í framkvæmd fjögurra ára áætlunum um samstarf við Eistland, Lettland og Litháen annars vegar og við Norðvestur-Rússland hins vegar.

Í alþjóðastarfi setja Íslendingar í forgang að vinna að verndun hafsins og treysta samstarf um norðurslóðamál. Jafnframt er forgangsmál að auka samstarf norrænna þjóða við grannsvæði í vestri, einkum Austur-Kanada, Skotland og Írland. Sjónum verður beint að samstarfi um rannsóknir og nýsköpun. Áhersla verður lögð á að styrkja Norræna Atlantshafssamstarfið sem fram fer á vettvangi NORA.

Framtíðarstefnumótun um verndun hafsins er ein meginstöðin í skipulögðum viðbrögðum við loftslagsbreytingum á norðurslóð. Íslendingar leggja ríka áherslu á rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á hafið sem grundvöll fyrir samræmdar aðgerðir. Jafnframt er mikilvægt að fylgjast stöðugt með lífríki sjávar m.t.t. mengunarhættu og staðsetja og vernda viðkvæm svæði.

Mikilvægt er að virtur sé réttur og ábyrgð þjóða til sjálfbærrar nýtingar á öllum lifandi auðlindum hafsins. Norðurlönd eiga áfram að hafa forgöngu um þessi áherslumál í fjölþjóðlegu samstarfi.

Norðurlönd eiga aðild að mikilvægum alþjóðasamningum á borð við OSPAR og HELCOM sem fjalla um vernd norrænna hafssvæða. Einnig er unnið að ýmsum verkefnum á öðrum vettvangi, t.d. innan Norðurskautsráðsins og hjá Sameinuðu þjóðunum. Á vettvangi OSPAR-samningsins er um þessar mundir unnið að stöðuskýrslu um ástand hafsins. Norðurlöndum ber að taka virkan þátt í skýrslugerðinni sem og öðru starfi innan ramma OSPAR-samningsins.

Íslendingar leggja áherslu á að norrænu ríkin vinni saman á vettvangi Norðurskautsráðsins. Í því tilliti er starf PAME-vinnuhópsins (Protection of the Arctic Marine Environment) afar mikilvægt, en það nær m.a. til mats á áhrifum siglinga í ört breytilegu umhverfi í norðurhögum. Einnig benda Íslendingar á mikilvægi svæðisáætlunar Sameinuðu þjóðanna sem miðar að því að verja hafsvæði norðurslóða gegn mengun frá landsstöðvum (Regional Programme of Action). Um þessar mundir er á vettvangi PAME unnið að uppfærslu svæðisáætlunarinnar fyrir norðurslóðir og er ráðgert að hún verði tilbúin á árinu 2009. Hún er mikilvægur grunnur fyrir Norðurlönd til að vinna eða uppfæra sínar landsáætlanir um verndun hafsins.

Náttúra á norðurslóð hefur mikið aðdráttarafl. Byggja þarf upp náttúru- og menningar-tengda ferðaþjónustu á afskekktum og dreifbýlum svæðum. Með því er stuðlað að aukinni samkeppnishæfni Norðurlanda sem einstaks áfangastaðar fyrir ferðamenn.

VERK AÐ VINNA

- Hrint verður í framkvæmd stefnumiðum um samstarf ráðherra- nefndarinnar við Eistland, Lettland, Litháen og Norðvestur-Rúss- land fyrir tímabilið 2009-2013.
- Leitast verður við að efla samstarf við grannríki Norðurlanda í vestri, sérstaklega Kanada.
- Íslendingar munu efna til samstarfs við grannþjóðir um að vinna vákort fyrir Norður-Atlantshafið. Það er forsenda þess að hægt sé að bregðast skipulega við mengunarslysum, t.d. vegna aukinna siglinga í norðurhöfum og vaxandi auðlindanýtingar.
- Leitast verður við að styrkja frekar samstarf og verkaskiptingu Norðurskautsráðsins og ráðherranefndarinnar. Jafnframt verður haldið áfram stuðningi við svæðisbundin samtök og samstarfs- verkefni á norðurslóðum.
- Vinnuhópur verður stofnaður til að bera saman hagkvæmni ólíkra fiskveiðistjórnunarkerfa á Norðurlöndum og skoða hvernig megi beita þeim til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. Niðurstöðurnar verða kynntar á ráðstefnu.
- Haldin verður ráðstefna um nýsköpun í sjávarútvegi.
- Haldin verður ráðstefna um öryggi, sjálfbærni, hreinleika, hollustu og rekjanleika matvæla.
- Verkefnið *Ný norræn matvæli* verður þróað áfram til að stuðla að nýsköpun í matvælaframleiðslu og markaðssetningu norrænna matvæla.
- Haldið verður málþing um nýsköpun og gæði í ferðaþjónustu.
- Frumkvæði verður haft um að kynna Norðurlönd á fjarlægum mörkuðum sem einstakan áfangastað fyrir ferðamenn.







norden

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu, sameiginlegri sögu og menningu og nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlandanna í sterkri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlandanna og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18
DK-1255 Kaupmannahöfn K
Sími (+45) 3396 0200
Bréfasími (+45) 3396 0202

Norðurlandaráð

Store Strandstræde 18
DK-1255 Kaupmannahöfn K
Sími (+45) 3396 0400
Bréfasími (+45) 3311 1870

www.norden.org

